

Þórarinn Jónsson, vildi fá skýring á breytingartillögunni, hverjir væri taldir "þjónandi prestar félagsins".

Forseti sagði, að vísa mætti þessum lið álitsins til baka til nefndarinnar, ef vildi.

Séra Guðm Árnason áleit óþarft að skýra hverjir væri prestar félagsins. Það yrði framvegis ákveðið á þingum. Þjónandi prestar væri þeir, sem framkvæmdu prestsverk í umboði og með samþykki félagsins.

B. B. Olson, sagði að lög þessa fylkis tæki skýrt fram hverjir væri prestar. Þeim einum væri heimilað að framkvæma prestsverk er þjónandi væri einhverjum söfnuði, eða umboð hefði til prestsverka, frá einhverjum kyrkjulegum félagsskap.

Séra A. E. Kristjánsson áleit, að sá hefði lögheimild að framkvæma prestsverk er verið hefði prestur einhvers félagskapar, þótt einhverra orsaka vegna hann væri nú hættur, það væri réttur skilningur laganna.

Séra Magnús J. Skaptason sagði, að lög þessa fylkis skoðuðu þann prest, er tekið hefði prestsvígslu og aldrei verið sviptur prestsskap. Nokkrar fleiri umræður urðu um það, hverjir hefði heimild til þess að framkvæma hjónavígslur o.s frv. Að lokum var gengið til atkvæða um breytingartillöguna og hún samþykkt. Var þá þriðji liður nefndarálitsins samþykktur með þeirri breytingu.

Séra Jóhann P. Sólmundsson gjörði þá fyrirspurn hvort samþykkt þessa, er nú hefði verið gjörð, og breytti þannig 6. gr. grundvallarlaganna, bæri að skoða sem verkandi til baka, svo að þeir einir prestar félagsins sem væri þjónandi, ætti og hefði átt atkvæðisrétt á þingi. Sagðist hann spyrja þessa, vegna þess, að hann teldi sig eiga sæti hér á þingi samkvæmt fyrverandi lögum félagsins. Kvaðst hafa verið í þjónustu þessa félags og vera prestur þessa félags þó enga hefði hann þjónustu nú á hendi.

Forseti kvað engin lög, svo hann vissi til, verka til baka. En að sínum dómi væri séra Jóhann P. Sólmundsson ekki í þjónustu þessa félags og ætti því ekki sæti hér, samkvæmt nýtekinni samþykkt.